



Kópavogur, 29. september 2014

Hluthafafundur N1 hf.

Stjórn N1 hf. boðar til hluthafafundar þriðjudaginn 21. október 2014 klukkan 16:00 á aðalskrifstofu félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi.

Dagskrá fundarins:

1. Tillaga um 30% lækkun hlutafjár.
2. Önnur mál löglega upp borin.

Tillaga stjórnar um hlutafjárلækkun í félaginu er svohljóðandi:

„Hluthafafundur N1 hf. haldinn þriðjudaginn 21. október 2014 samþykkir að færa niður hlutafé félagsins um kr. 300.000.000 að nafnverði, og að auki yfirverðsreikning hlutafjár um kr. 3.559.628.000, eða samtals um kr. 3.859.628.000, og verði fjárhæðin greidd út til hluthafa félagsins hlutfallslega í samræmi við hlutafjáreign þeirra í félaginu í lok dags 28. nóvember 2014, ef lögboðnar forsendur fyrir útgreiðslunni eftir samþykkt tillögunnar liggja fyrir á þeim tíma, en ella eins og fljótt og unnt er eftir að lögboðnar forsendur fyrir útgreiðslunni hafa verið uppfylltar.“

Greinargerð stjórnar:

N1 hf. gekk í gegnum fjárhagslega endurskipulagningu um mitt ár 2011. Lánardrottinnar félagsins eignuðust allt hlutafé þess í kjölfarið. Grunnstef í þeirri vinnu sem unnin var áður en lánardrottinnar tóku félagið yfir var að skila inn á markaðinn fjárhagslega sterku félagi sem væri vel í stakk búíð til skráningar í kauphöll með dreifðu eignarhaldi. Nú hafa allir hlutir félagsins verið skráðir á opnum markaði eins og að var stefnt.

Félagið hefur sett sér markmið um fjármagnsskipan og að eiginfjárhlutfall sé um 40% en það var 51,1% þann 30. júní 2014 eftir arðgreiðslu að fjárhæð 1.650 m.kr. í apríl sl. Til að nálgast markmið um fjármagnsskipan leggur stjórn til að gengið verði skrefinu lengra og hlutafé félagsins verði lækkað um rúma 3.860 m.kr. og fjárhæðin verði greidd út til hluthafa þess í samræmi við hlutafjáreign þeirra í félaginu. Ef tillagan gengur eftir verður eiginfjárhlutfall um 43%. Útistandandi hlutir verða 700 m.kr. og yfirverðsreikningur hlutfjár verður 8.306 m.kr.

	30.6.2014 Eftir lækkun	
Hlutafé	1.000.000	700.000
Yfirverðsreikningur hlutafjár	11.865.427	8.305.799
	12.865.427	9.005.799

Ef tillagan verður samþykkt, þá hefur viðskiptabanki félagsins, Íslandsbanki hf., samþykkt fyrir sitt leyti ráðstöfunina, vegna lána sinna til þess.



Aðrar upplýsingar:

Öll skjöl og tillögur sem lögð verða fyrir hluthafafundinn verður að finna á vefsíðu félagsins www.n1.is/fjarfestatengsl. Hluthöfum stendur einnig til boða að nálgast skjölin í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10-14, Kópavogi, virka daga milli klukkan 9:00-16:00.

Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar viku fyrir fundinn. Aðgöngumiðar, atkvæðaseðlar og önnur fundargögn verða afhent frá klukkan 15:30 þann dag sem hluthafafundurinn verður haldinn, það er þann 21. október, 2014.

Stjórn N1 hf.